

Ungmennafélag Akureyrar

2004

Ungmennafélag Akureyrar, **UFA** var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni.

Hér á eftir fer árskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2004.

Efnisyfirlit

Stjórn, endurskoðendur og fundahöld 2004.....	2
Aðalstjórn.....	2
Skoðunarmenn reikninga.....	2
Fundahöld.....	2
Skýrsla stjórnar	3
Helstu viðburðir og verkefni ársins.....	4
Starfsemi Langhlauparadeildar UFA 2004	10
Lokaorð	11
Íslandsmeistarar UFA 2000	13
Bestu afrek árið 2004 samkvæmt stigatöflu.....	13
Efnahagsreikningur	Error! Bookmark not defined.
Rekstrartekjur	Error! Bookmark not defined.
Rekstrargjöld	Error! Bookmark not defined.
Skýringar	Error! Bookmark not defined.
Lög UFA	Error! Bookmark not defined.

Stjórn, endurskoðendur og fundahöld 2004

Aðalstjórn

Gísli A Pálsson	formaður
Guðmundur Víðir Gunnlaugsson	varaformaður
Rannveig Oddsdóttir	ritari
Hannes Garðarsson	gjaldkeri
Hugrún Sigurbjörnsdóttir	meðstjórnandi
Hólmfríður Erlingsdóttir	meðstjórnandi
Jenný Karlsdóttir	meðstjórnandi
Svanhildur Karlsdóttir	varamaður
Arna Brynja Ragnarsdóttir	varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Hrönn Einarsdóttir	
Ævar Ragnarsson	
Sigþór Heimisson	varamaður
Magnús Arnarsson	varamaður

Fundahöld

Aðalfundur UFA vegna ársins 2003 var haldinn 29. febrúar 2004 í Kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fundarstjóri var Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

Fundarritari var Hafdís Kristjánsdóttir. Gestur fundarins var Hringur Hreinsson stjórnarmaður UMFÍ.

Breytingar á stjórn voru þær, að úr stjórn gengu Haukur Valtýsson, Hafdís Kristjánsdóttir, Birna Ingólfssdóttir, Anna Sigríður Arnþórsdóttir, Sigurður Jónsson og Árni Þorgilsson og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu félagsins. Í stað þeirra voru kjörin: Hannes Garðarsson, Hólmfríður Erlingsdóttir, Gísli Pálsson, Jenný Karlsdóttir, Arna Brynja Ragnarsdóttir og Svanhildur Karlsdóttir.

Fundurinn fór fram með hefðbundnum hætti, Viðurkenningar voru veittar íþróttafólki félagsins fyrir góðan árangur og ástundun og bar þar hæst val á íþróttamanni UFA árið 2003 en þá sæmd hlaut Olga Sigþórsdóttir.

Haldnir voru 25 stjórnarfundir á starfsárinu, formannafundir ÍBA voru 5, fulltrúar félagsins sóttu þing FRÍ, samráðsfund UMFÍ á Sauðárkróki og að Laugum í Sælingsdal.

Skýrsla stjórnar

Mikið var um að vera hjá félaginu á liðnu ári. Fjöldi iðkenda var ásættanlegur en alltaf má bæta í þann hóp og taka við góðu fólki. Frír æfingatími var í upphafi sumars og einnig á haustdögum til kynningar fyrir nýja iðkendur.

Tæpast er hægt að hrópa húrra fyrir útiaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir á Akureyri, en í umræðunni er að stórbæta úr því á næstu árum. Með Boganum stórbatnaði æfingaaðstaða yfir veturinn og verður að teljast góð á íslenskan mælikvarða, þótt stór galli sé að húsið er alveg án kyndingar sem kallar á ótrúlega marga neikvæða þætti. Vegna þess þyrfti félagið meiri tíma í upphitunum góðum íþróttasölum.

Sem fyrr hélt UFA úti heimasíðu, þar sem fylgjast mátti með því sem á döfinni var. Verður þó að viðurkennast að á þessu sviði hefði mátt gera betur og er það eitt af þeim verkefnum sem ný stjórn þarf nauðsynlega að taka á.

Að mati stjórnar hefur UFA stillt æfingagjöldum í hóf, nú sem fyrr. Er þá stuðst við samanburð við aðrar íþróttagreinar. Frjálsar íþróttir eru hjá UFA eins og víða annarsstaðar orðin heils árs íþrótt. Ástæðurnar eru margþættar. Má þar nefna að vegna bættrar æfingaaðstöðu að vetrinum er þetta unnt. Samkeppni um iðkendur er orðin staðreynd sem kallar á aukið og bætt framboð þjálfunar og síðast en ekki síst þarf þjálfun að vera meiri en áður ef standast á hina hörðu keppni út á við.

Á árinu 2003 var stofnuð Langhlauparadeild innan UFA. Hefur starf deildarinnar gengið vel og létt mjög á ýmsum þeim störfum sem áður lentu á stjórnarfólki félagsins.

Fjárhagur félagsins verður að teljast í viðunandi horfi, en alltaf fer mikill tími og orka forystufólksins í að halda honum á réttum kili. Gefið var út kosningablað, og nú í tilefni forsetakosninganna og var blaðinu dreift um allt Eyjafjarðarsvæðið. Mæltist útgáfan vel fyrir og vonumst við til að UFA sitji eitt að útgáfustarfsemi af þessum toga í tilefni kosninga hér á svæðinu, en vera kann að þessi blaðaútgáfa þróist út í að verða að ársriti félagsins. Blaðaútgáfa þessi er öflugasta fjáröflun UFA.

Ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru í gangi. Má þar nefna sölu á pennum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og sölu á dagatölum í hluta Akureyrarbæjar fyrir Þroskahjálp, en þessi verkefni voru unnin í samvinnu við framangreind félög.

Sala á klósetpappír fór fram líkt og fyrr og skilar alltaf drjúgum fjármunum.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gæta þarf vel að og vanmeta ekki. UFA hélt nokkur mót á árinu og skiluðu þau nokkrum fjármunum í kassa félagsins líkt og undangengin ár, en því miður er okkur orðin mjög þröngur stakkur skorinn í þessu efni, því Frjálsíþróttasamband Íslands veitir ekki lengur mót til UFA. Aðstaða til mótahalds utanhúss þykir ekki lengur boðleg hér á okkar svæði. Skilyrt er að á Íslandsmótum sé hlaupið á brautum lögðum gerviefnum og 6 brauta völlur er lágmark fyrir Íslandsmót. Á þetta við um keppni í flokkum 15 ára og eldri. Hvað 12 til 14 ára flokkinn varðar annar okkar aðstaða engan veginn þeim keppendafjölda sem þau mót sækir. Hugsanlegt er að MÍ innanhúss fengust hingað norður ef hiti í Boganum væri tryggur og þætti ásættanlegur.

Helstu viðburðir og verkefni ársins

Hér á eftir verður getið helstu viðburða og móta sem iðkendur og aðstandendur Ungmennafélags Akureyrar tóku þátt í á árinu.

Norðurlandsleikar í Reiðhöllinni í umsjón UMSS

Nokkur hópur keppenda tók þátt í Norðurlandsleikunum sem Skagfirðingar stóðu fyrir helgina 10. og 11. janúar. Vegnaði okkar fólki vel og sópaði að sér verðlaunum.

Meistaramót Íslands 15 til 22 ára

Okkar fólk tók þátt í MÍ 15 til 22 ára. Var þar á ferð allstór hópur sem vann til margra verðlauna, en aðeins einn Íslandsmeistaratitill komst í hús. Til hans vann Ragnar Hólm Ragnarsson.

Meistaramót Íslands, aðalhluti

Meistaramót Íslands aðalhluti var haldinn helgina 14. og 15. febrúar á höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir keppendur frá UFA tóku þátt í keppninni sem fór fram í Baldurshaga og Kaplakrika.

Landsmót Ungmennafélag Íslands

Á fundi stjórnar UMFÍ sem haldinn var 14. febrúar var tekin ákvörðun um að fela Ungmennafélagi Akureyrar og Ungmennasambandi Eyjafjarðar að halda Landsmót á Akureyri árið 2009 en það ár verða liðin 100 ár frá því fyrsta landsmótið var haldið en það fór fram á Akureyri.

Aðalfundur UFA

Fundurinn var haldinn 29. febrúar í Terú Íþróttahallarinnar. Venjubundin aðalfundarstörf voru viðhöfð, ný stjórn var kjörin en að þessu sinni var óvenju mikið um mannbreytingar. Fundarstjóri var Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri. Íþróttamaður UFA var kynntur á fundinum en að þessu sinni varð Olga Sigbórsdóttir fyrir valinu.

Nánar er fjallað um fundinn annars staðar í skýrslunni.

Meistaramót Íslands, 12 til 14 ára

Níu keppendur tóku þátt í MÍ sem fór fram í Egilshöll 6. og 7. mars. Sonja Sif Þjálfari fór fyrir sínu liði. Tveir Íslandsmeistaratitlar unnust að þessu sinni. Þeim hömpuðu þær Hulda Rún Ingvarsdóttir og Eva Magnúsdóttir. Auk þess áttu UFA félagar nokkrar ferðir á verðlaunapall.

Firmakeppni UFA

Firmakeppni UFA fór fram 24. mars. Var hún framkvæmd og skipulögð af æfingahópnum sem hugði á Portúgalsferð. Skilaði þetta mót drjúgum skilding í vasa ferðalanganna enda var krökkunum víðast vel tekið í fyrirtækjum sem leitað var til.

Æfingabúðir í Portúgal

Tíu manna hópur frá UFA fór um páska í æfingabúðir til Portúgal. Ef lítið er til þeirra félaga sem öflugast hafa æskulýðs og íþróttastarfið þykja æfinga og keppnisferðir á borð við þessa sjálfsagðar. Unnar Vilhjálmsson frjálsíþróttþjálfari fór með ungmennunum, en í þessa ferð fóru iðkendur sem eru fæddir árin 1986 og 1987. Heppnaðist ferðin vel.

Úrvalshópur FRÍ

Sem fyrr höfðu nokkrir krakkar unnið sér aðild að úrvalshópi FRÍ. Þau sem valin voru eru: Aðalbjörn Hannesson, Karólína Haraldsdóttir, Elfa Berglind Jónsdóttir, Olga Sigþórsdóttir, Inga Vala Gísladóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson.

Afrekshópur FRÍ

Aðalbjörn Hannesson og Karólína Haraldsdóttir náðu á árinu tilskildum árangri til þátttöku í afrekshópi FRÍ.

Frjálsíþróttapening

Á Frjálsíþróttapeningi 26.-27. mars síðastliðinn sem haldið var í Hlégarði í Mosfellsbæ hlutu þrjú félagar okkar í UFA starfsmerki FRÍ fyrir störf sín að frjálsíþróttamálum fyrir félög sín og FRÍ. Silfurmerki hlaut Unnar Vilhjálmsson, en hann er aðalþjálfari UFA. Bronsmerki hlutu þau Haukur Valtýsson og Hafdís Kristjánsdóttir, bæði fyrrverandi formenn UFA. Þau tvö hafa verið burðarásar í starfi félagsins undanfarin ár. Einnig gerðist það á FRÍ þinginu að Sonja Sif Jóhannsdóttir frjálsíþróttþjálfari var kjörin í stjórn FRÍ.

1. maí hlaup

Rúmlega 300 börn tóku þátt í 1. maí hlaupinu og aukning var á þátttöku í 4 og 10 km. hlaupi frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þáttaskil urðu í skólakeppninni þegar Valsárskóli batt enda á 8 ára sigurgöngu Giljaskóla og hreppti bikarinn.

Heimsókn á Krókinn

Kvöldið 28. maí stormaði um tugur ungmenna á Sauðárkrók til að taka þátt í innanfélagsmóti sem þar fór fram.

Vormót UFA

Vormót UFA var haldið 31. maí í blíðskaparveðri. Vindur var í sumum tilvikum yfir leyfilegum mörkum en í flesta staði var mótið talið hafa heppnast vel. Skráðir

keppendur voru 103 og var stærsti hópurinn frá UFA og HSP. Er það nokkru færri keppendur en á síðasta ári og munar þar mestu um að Skagfirðingar voru faliðaðir á mótinu.

Vormót UMSE

Fjölmennur hópur frá UFA keppti á Sumarmóti UMSE þriðjudaginn 22. júní, en mótið fór fram á Akureyrarvelli. Þátttaka í mótinu var mikil, sérstaklega í yngri aldursflokkunum og náðu margir góðum árangri.

Æfingamót á Sauðárkróki

Sunnudaginn 27. júní tók um 15 manna keppnislið UFA þátt í æfingamóti á Sauðárkróki. Þarna voru á ferðinni iðkendur 15 ára og eldri. Náðu nokkrir keppendur að bæta sinn árangur sem alltaf er markmið hvers og eins. Var þessi ferð góður undirbúningur fyrir Landsmótið sem hófst tæpum tveim vikum síðar.

Goggi galvaski

Síðustu helgina í júní tók hálfur annar tugur æskufólks þátt í Gogga Galvaska sem fram fór í Mosfellsbæ. Stóðu krakkarnir sig mjög vel og komu mörg hver heim með góðmálma í farangrinum.

Landsmót á Sauðárkróki

Að þessu sinni sendu Ungmennafélag Akureyrar og Ungmennasamband Eyjafjarðar sameiginlegt keppnislið á Landsmót. Fjöldi þátttakenda frá UFA var um 20 manns en nokkru fleiri keppendur komu frá UMSE. Einnig voru sameiginlegar tjaldbúðir fyrir keppendur og áhangendur. Þótti þetta samstarf heppnast afar vel, en á tjaldevæðinu var reist samkomutjald og í því starfrækt vísir að mötuneyti, haldnar kvöldvökur þar sem kvöldhressingin var tekin inn, farið yfir árangur dagsins, gamanmál flutt og nokkur lög sungin fyrir svefninn undir harmonikkuleik Ævars Ragnarssonar. Myndaðist góð “stemming” og undi eyfirskt æskufólk sér vel í blíðviðrinu á Króknum við keppni og leik.

Okkar fólk náði þökkalegum árangri, en sameiginlegt lið félaganna hafnaði í 7. sæti í heildar stigakeppninni. Mótið fór í alla staði mjög vel fram og verður Skagfirðingum seint hrósað sem skyldi fyrir frammistöðuna.

Akureyrarmót

Miðvikudagskvöldin 14. og 21. júlí og fimmtudagskvöldið 22 júlí var Akureyrarmót haldið á Akureyrarvelli. Þátttaka var góð, einkum í yngri flokkum.

Úrslit frá Akureyrarmótinu, sem og í öðrum mótum má finna á heimasíðu UFA.

Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki

Um 20 krakkar frá UFA kepptu á Unglingalandsmóti á Króknum. Skemmst er frá að segja að árangur þeirra var feikna góður, svo góður að of langt mál væri að telja hér alla þá landsmótstítla sem okkar fólk vann.

Líkt og á fullorðinsmóttinu rákum við sameiginlegt tjaldbúðasvæði með UMSE. Reist var samkomutjald þar sem þátttakendur allir ásamt stuðningsliði átti sameiginlegar stundir. Síðustu spor dagsins voru tekin í tjaldinu, þar sem farið var yfir helstu afrek liðins dags, kvöldhressingin innbyggð og nokkur lög sungin fyrir svefninn undir gítarleik Ingimars Guðmundssonar. Fór mótið í alla staði mjög vel fram og var öllum þeim er að því komu til sóma.

Meistaramót Íslands 12 til 14 ára

MÍ 12 til 14 ára fór fram á Laugardalsvellingum helgina 14. og 15. ágúst. Keppendur frá UFA stormuðu suður, 16 talsins, og eins og oft áður urðu iðkendur frá UMSE okkar ferðafélagar. Okkar fólk náði ágætis árangri, og hafði heim með sér 2 Íslandsmeistaratitla. Þar á ferð var Emilía Dögg Sigmarsdóttir sem sigraði í spjótkesti og einnig vann boðhlaupssveit 13 ára telpna 4X100 m hlaup.

Öldungamót FRÍ

Til stóð að halda öldungamót FRÍ á Akureyrarvelli í umsjón UFA og UMSE. Fyrir tilstuðlan FRÍ var sú ákvörðun tekin aftur, og mótið fært suður í Kópavog. Uppgefin ástæða fyrir þeirri ráðstöfun var, að ekki væri keppendum bjóðandi nú til dags að keppa á malarbrautum og ekki mundi þýða að halda sig við fyrri ákvörðun. Það myndi leiða til þess að fáir kæmu til keppinnar. UFA harmar þessa ráðstöfun og einnig að þessi staða skuli veru uppi hvað aðstöðuleysi á okkar félagssvæði varðar, en uppi eru nú hugmyndir um úrbætur í þessu efni. UFA átti einn keppanda á Öldungamóttinu, Sigurð Magnússon, og gerði hann sér lítið fyrir og varð sjöfaldur Íslandsmeistari.

Meistaramót Íslands 15 til 22 ára

Helgina 28. og 29. ágúst fór MÍ 15 til 22 ára fram að Laugarvatni. Akureyringar og Eyfirðingar sameinuðust um ferðina suður og fóru Kjalveg. Var þarna á ferð um 20 manna hópur og var Unnar aðalfararstjóri og þjálfari. Ferð þessi heppnaðist ágætlega en stundum hefur UFA hampað fleiri titlum en þarna náðust.

Uppskeruhátíð

Kvöldið 31. ágúst komu iðkendur og aðstandendur saman í Kjarnaskógi og gerðu sér glaðan dag. Farið var í leiki og urðu gleðilæti nokkur. Lauk skemmtuninni með sameiginlegri pylsuveislu.

Bikarkeppni FRÍ, 16 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri var haldin í Borgarnesi 11. september. Þarna er um eins dags mót að ræða og sendu UFA og UMSE sameiginlegt lið til keppinnar. Farið var tímanlega að morgni frá Akureyri og haldið heim um kvöldið að keppni lokinni. Þátttökulið voru 11 talsins og hafnaði okkar sameiginlega lið í 5. sæti í heildarstigakeppninni.

Akureyrarhlaup

Hátt í 200 manns tóku þátt í Akureyrarhlaupi sem fram fór 19. september og var jafnframt Íslandsmót í hálfmaraþonhlaupi. Auk þess var þetta hlaup upphaf heilsuátaksviku á vegum Akureyrarbæjar þar sem bæjarbúar voru hvattir til hreyfingar af ýmsum toga. Í tengslum við hlaupið fór fram kynning á frjálsum íþróttum á Akureyrarvelli, og nýttu margir sér það boð og var líf og fjör á Akureyrarvelli á meðan hlaupið fór fram. UFA eignaðist Íslandsmeistara í hálfmaraþoni kvenna, en þar bar sigur úr bitum Rannveig Oddsdóttir. Þorlákur Axel Jónsson undirbjó og stjórnaði þessari uppákomu.

Haustfundur

Haustfundur UFA var haldinn í félagsheimilinu Hamri 13. október. Fundarsókn var góð. Farið var yfir það sem framundan var í starfinu svo sem fjáröflun, þjálfaramál og fleira sem á döfinni var. Veittar voru viðurkenningar þeim einstaklingum sem unnið höfðu Íslandsmeistararitla og einnig viðurkenningar fyrir þátttöku á Akureyarmótinu.

Vinnuhópur vegna Landsmóts 2009

Á vordögum óskaði Akureyrarbær eftir að UFA legði til fulltrúa í vinnuhóp er skoða skyldi hverra úrbóta væri þörf í mannvirkjagerð í bænum fyrir væntanlegt Landsmót árið 2009. Tók Haukur Valtýsson sæti í nefndinni. Aðal verk nefndarinnar var að velta fyrir sér frjálsíþróttaaðstöðunni, gerð hennar og væntanlegri staðsetningu, enda flest annað sem til slíks mótahalds þarf til staðar í bænum. Nefndin skilaði skýrslu í byrjun vetrar. Jafnframt voru íþróttafélögin KA, Þór og UFA beðin að skila álitsgerð um málið og hefur úrdráttur úr þessum greinagerðum birst í einhverjum fjölmiðlum.

Nóvembermótið

Fjölsótt frjálsíþróttamót var haldið í Boganum 13. og 14. nóvember. **Eimskip** gaf öll verðlaun á mótið. Í tengslum við mótið voru æfingabúðir FRÍ haldnar á Akureyri.

Í þeim hópi voru um 40 unglingar, en nokkurn vanda skapaði að á þessum tíma stóð kennaraverkfall yfir og reyndist ekki unnt að fá inni fyrir þennan hóp í skólum bæjarins eins og samið hafði verið um. Varð þrautarlendingin að fá gistingu fyrir hópinn í ónotaðri heimavist Þelamerkurskóla.

Ungmennin sem þátt tóku í æfingabúðunum voru einnig keppendur á mótinu, og í mótslok reyndist keppendafjöldinn hafa verið 203 einstaklingar.

Í heild gekk mótið þokkalega fyrir sig, en erfiðleikar urðu í upphafi móts með tímatökutæki, sem fengin voru að láni hjá Reykjavíkurborg, en startbyssa fylgdi ekki tækjunum og nokkurn tíma tók að leysa þau mál. Að öðru leyti fór mótið vel fram og var félaginu til sóma.

Góður árangur náðist á mótinu og má nefna því til stuðnings að 5 sinnum voru Íslandsmet bætt. Því miður áttu keppendur UFA ekki hlut þar að máli. Að þessu sinni var heppnin með okkur, því veður var fremur hlýtt og hefur það eflaust hjálpað til að þessi góði árangur náðist.

Norðurlandsleikar UMSS

Helgina 27. og 28. nóvember stóð Ungmennasamband Skagafjarðar fyrir móti fyrir unglinga í Reiðhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók. Þangað stormaði hópur ungmenna frá UFA og tók þátt í keppninni. Stóðu krakkarnir sig vel og voru félagi okkar til sóma. Unnar Vilhjálmsson þjálfari fór fyrir hópnum eins og svo oft áður.

Afmælishóf ÍBA

UFA fagnaði 60 ára afmæli ÍBA með öðrum íþróttafélögum á Akureyri. Haldin var vegleg kynning á félögunum í Síðuskóla 4. desember með viðamikilli sýningu á starfinu. Einnig var sett upp sýning á Amtsbókasafninu 18. desember og stóð hún uppi yfir jólin. Heppnuðust þessar uppákomur vel og sýndu glögg styrk íþróttalífs á Akureyri.

Gamlárshlaup

Á gamlársdag fór Gamlárshlaup fram og eins og hefð er fyrir. Veruleg hálka á götum truflaði keppendur og hefur eflaust dregið eitthvað úr þátttöku, en 44 keppendur hlupu.

Fyrirmyndarfélag

Unnið er að því að gera Ungmennafélag Akureyrar að fyrirmyndarfélagi. Er það nokkurt verk og veitir Guðmundur Víðir Gunnlaugsson því forstöðu.

Unglingalandsmótsumsókn

Síðla vetrar sóttu UFA og UMSE um að halda Unglingalandsmót, annað hvort árið 2005 eða 2006. Fyrirhugaður mótstaður var í Dalvíkurbyggð. Stóð bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar á bak við umsóknina. Ekki þróuðust mál svo að okkur væri úthlutað mótinu, en þau munu fara til Víkur í Mýrdal árið 2005 og í Suður Þingeyjarsýslu árið 2006, og munu Laugar í Reykjadal vera áætlaður mótstaður.

Viðurkenningarhóf Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar

Árlegt hóf Íþrótt- og tómstundaráðs var haldið 28. desember í Íþróttahöllinni. Hlutu þar 11 frjálsíþróttaiðkendur UFA viðurkenningu frá ÍTA fyrir Íslandsmeistararitla. Auk þess keppti hópur fullorðins fólks í línudansi undir merki UFA fyrr á árinu og bar sigur úr bítum á Íslandsmóti. Var þar um 22 einstaklinga að ræða.

Þjálfarar

Hjá félaginu störfuðu eftirtaldir þjálfarar á árinu. Sonja Sif Jóhannsdóttir þjálfaði elsta hluta iðkendanna ásamt Unnari Vilhjálmsyni frá áramótum til vors. Unnar starfaði hjá félaginu allt árið og sinnti meira og minna flestum aldurshópum. Gísli Sigurðsson kom til starfa í haust og hefur tekið þátt í þjálfun eldri hluta hópsins. Einnig þjálfuðu Hólmfríður Jóhannsdóttir og Karítas Jónsdóttir yngri krakkana hluta úr árinu.

Birgitta Guðjónsdóttir og Ólafur Óskarsson komu að þrekþjálfun elstu iðkendanna sem fram fór í Líkamsræktarstöðinni Bjargi að vetrinum. Jafnframt veittu eftirtaldir leiðbeinendur félaginu liðsinni. Hólmfríður Erlingsdóttir, Arnór Sigmarsson, Inga Vala Gísladóttir og Valgerður Þorsteinsdóttir og Elva Berglind Jónsdóttir. Félagið þakkar þeim öllum fyrir vel unnin störf.

Starfsemi Langhlauparadeildar UFA 2004

Langhlauparadeild UFA var stofnuð 20. mars 2003 og hélt því upp á eins árs afmæli sitt á árinu. Hlutverk deildarinnar er að efla lang- og almenningshlaup í bænum og greiða götu þeirra sem vilja stunda íþróttina sér til ánægju og/eða til keppni.

Stjórn deildarinnar skipa: Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Þengill Jóhannesson, meðstjórnandi
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Finnur Friðriksson, varamaður

Deildin stóð fyrir æfingum þrjá daga vikunnar. Skipulag æfinga var sem fyrr í höndum virkustu meðlima hverju sinni og hver og einn valdi hraða og vegalengd við sitt hæfi. Yfir hörðustu vetrarmánuðina fékk hópurinn inni í Boganum einu sinni í viku og nýtti aðstöðuna þar til að spretta úr spori án þess að eiga á hættu að brjóta sig í hálkunni eða verða úti í veðurhamnum.

UFA hefur í fjölda ára haldið þrjú stór hlaup á ári, 1. maí hlaup, Akureyrarhlaup og Gamlárshlaup. Langhlauparadeildin aðstoðaði við undirbúning allra þessara hlaupa á árinu og stóð auk þess fyrir sólarlagshlaupi í byrjun júní og vetrarhlaupasyrpu veturinn 2003-2004 og aftur 2004-2005. Flest voru hlaupin vel sótt og voru félagsmenn sérstaklega ánægðir með þátttökuna í vetrarhlaupunum. Um er að ræða sex hlaup sem fara fram mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og er keppt í stigakeppni. Framkvæmdin er eins einföld og hægt er að hafa hana, enda tilgangurinn fyrst og fremst að skapa vettvang fyrir hlaupara til að koma saman og reyna á þolið yfir vetrarmánuðina.

Félagsmenn sátust meðal þátttakenda í hlaupum vítt og breitt um landið á árinu og einn félagsmaður tók þátt í Amsterdammaþoni í september. Nokkur nýliðun hefur orðið í hópnum á árinu sem lofar góðu fyrir vöxt og viðgang deildarinnar.

Langhlauparadeildin á sitt svæði á heimasíðu UFA. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er á döfinni í hlaupum á norðurlandi hverju sinni, lesa greinar um hlaup og hlaupaferðir félagsmanna og ýmislegt annað sem tengist hlaupum.

Lokaorð

Sem sjá má á upptalningunni hér að framan hefur verið í mörg horn að líta á liðnu ári, þótt eflaust hafi ýmislegt gleymst við gerð þessarar skýrslu og ljóst er að ekki var öllu komið í verk sem hugur stjórnarinnar stóð til.

Allir stjórnarmenn hafa verið virkir í starfinu. Stjórnin samanstendur af 9 einstaklingum, 7 aðalmönnum og 2 varamönnum sem boðaðir eru á alla stjórnarfundi, og oftast mættu 7 til 9 manns á fundina.

Þó er það svo að félaginu er nauðsyn að fara að huga að starfsmannahaldi. Þótt sjálfboðastarfið sé nauðsynlegt og ekki eigi að láta undan síga í því efni, þá liggur fyrir að hæfu og duglegu forystufólki er ofboðið með óhóflegu álagi sem leiðir til að það hverfur af vetfangi miklu fyrir en æskilegt er.

Aðstæður til iðkunnar frjálsra íþrótta á Akureyri verða að teljast óásættanlegar utanhúss, en innanhúss eru þær góðar. Miklu mundi þó breyta ef Boginn væri hitaður upp að einhverju leyti, eða í 10 til 12 gráðu hita.

Undirbúningur er hafinn, þótt stutt sé kominn, af hálfu Akureyrarbæjar á byggingu frjálsíþróttavallar. Stefnt er að því að sú aðstaða verði til reiðu fyrir Landsmót sem fyrirhugað er að halda hér árið 2009. Ekki er enn ljóst hvar völlurinn verður staðsettur, en sú ákvörðun hlýtur að þurfa að liggja fyrir á þessu ári, svo hönnun og framkvæmd geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti.

Landsmótið, sem Ungmennafélag Akureyrar og Ungmennasamband Eyjafjarðar hafa tekið að sér að halda er stórverkefni. Svo stórt verkefni, að öll önnur viðfangsefni sem félagið hefur tekist á hendur til þessa, fölna við hliðina á Landsmótinu.

Kemur þetta mótahald til með að krefjast verulegs mannafla.

Um verður að ræða afmælislandsmót, því árið 2009 verða liðin 100 ár frá því fyrsta landsmótið var haldið, en það var einmitt hér á Akureyri. Eykur það enn á nauðsyn þess að vel takist til. Við trúum að UFA og UMSE séu vel í stakk búin til þessara átaka og gangi verka samhent og af einurð og áræðni.

Nokkur hefð virðist vera komin í mótahald sem UFA stendur fyrir.

Standa 4 mót upp úr hvað fjölda þátttakenda varðar. Er þar um að ræða 1 maí hlaupið, Vormótið, Akureyrarhlaupið og Bogamótið sem síðastliðin 2 ár hefur verið haldið í nóvember. Vel getur komið til greina að halda það í janúar, og þá sem alvöru undirbúningsmót fyrir meistaramót Íslands innanhúss, sem ávalt eru haldin í febrúar og mars. Nóvember hefur fram til þessa orðið fyrir valinu og aðallega vegna þess að veðurfarslíkur eru þá betri en í janúar. Einnig þarf að samræma tímasetningar á mótahaldi hjá UFA við mót sem nágrannafélög okkar standa fyrir og við gjarna sækjum hvert til annars, svo dreifing verði hæfileg.

1. maí hlaupið er fjölsóttasta mótið á vegum UFA og verður að teljast nokkur skrautfjöldur í starfinu. Samstarf við styrktaraðila mótsins hefur gengið vel, og verður svo vonandi áfram.

Vormótið hefur verið að festa sig í sessi, og síðustu ár hefur keppendafjöldi verið á annað hundrað manns.

Akureyrarhlaupið hefur verið fært aftur í september s.l. þrjú ár, í viðleitni til að ná þeirri fjöldaþátttöku sem var fyrir nokkrum árum. Götuhlaup af þessum toga virðast hafa verið að gefa nokkuð eftir víðast hvar á landinu á liðum árum. Vilji forystu félagsins stendur til að efla það enn frekar og ná fjöldaþátttöku á meðal Akureyringa.

Undirbúningur að æfinga- og keppnisferð erlendis er að síga af stað, og er helst horft til að eldri iðkendur fari í æfingabúðir suður í Evrópu um páska 2006, en yngri hópurinn stefni á keppnisför til Svíþjóðar í júlí sama ár.

Verið er að gera styrktarsamninga við 2 eða 3 fyrirtæki í bænum . **Sparisjóður Norðlendinga og Þekking** hafa nú þegar gerst styrktaraðilar Ungmennafélags Akureyrar og greiða þau ákveðna upphæð á ári, næstu 3 árin til félagsins eða árin 2005, 2006 og 2007. Merkjum þessara fyrirtækja verður komið fyrir á peysum sem allir iðkendur UFA koma til með að eignast. Jafnframt birtir UFA auglýsingar frá þessum fyrirtækjum í blaði félagsins (kosningablaði), talar máli þeirra út á við, getur þessa samnings á heimasíðu UFA og fleira mætti tína til. Ekki er hér um neina stórsamninga að ræða, en mjór er mikill vísir, og þegar þessi samningur rennur út verður væntanlega farið að hylla undir Landsmót og landslag til þessara þátta þá allt annað.

UFA vill þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu starfseminni lið á árinu með einum eða öðrum hætti. Engu að síður þyrfti breiðfylkingin að vera enn meiri, og eru því allir sem tók hafa á hvattir til að leggja hönd á plóginn.

Sérstakar þakkir viljum við færa þjálfurum félagsins sem oft á tíðum sýndu mikla fórnfýsi og dugnað. Erum við sérstaklega stolt af að hafa á okkar vegum jafn vel menntað og hæft fólk við þjálfun.

Fyrir hönd stjórnar Ungmennafélags Akureyrar

Gísli Pálsson formaður
Rannveig Oddsdóttir ritari

Íslandsmeistarar UFA 2000

Innanhúss

Ragnar Hólm Ragnarsson	langst. án atr.	drengjafl.	2.88 m
Hulda Rún Ingvarsdóttir	langst. án atr.	telpnafl.	2,40 m
Eva Magnúsdóttir	langstökk	telpnafl.	4.58 m

Utanhúss

Rannveig Oddsdóttir	hálfmaraþon	kvennafl.	1.31.54 kl.st.
Hjalti Rögnvaldsson	hástökk	drengjafl.	1.80 m
	300 m gr.hl.		52.53 sek.
Emelía Dögg Sigmarsdóttir	spjótkast	telpnafl.	32.04 m
Arna Valgerður Erlingsd.	4x100 m boðh	telpnaf.	56.29 sek.
Erla Rán Friðriksdóttir			
Halla Laufey Hauksdóttir			
Hrefna Rún Magnúsdóttir			
Sigurður Magnússon	langstökk	öldungafl.	5.18 m
	þrístökk		9.58 m
	hástökk		1.40 m
	stangarstökk		2.80 m
	kúluvarp		9.25 m
	kringlukast		24.46 m
	spjótkast		31.30 m
	200 m hl.		27.30 m
	800 m. hl.		2.55.53 mín.

Línudans

Auk þess lánaði UFA nafn sitt hópi fólks, alls 22 einstaklingum, undir stjórn Aðalbjargar Hafsteinsdóttur til keppni í línudansi. Varð þessi ágæti flokkur íslandsmeistari í greininni.

Bestu afrek árið 2004 samkvæmt stigatöflu

Karólína Haraldsdóttir	hástökk	1,79 m	1140 stig
Aðalbjörn Hannesson	400 m hl	53.83 sek	1067 stig
Agnes Eva Þórarinsdóttir	hástökk	1.40 m	1057 stig